

Alþingi
Erindi nr. P 48 / 117
komudagur 10/11 1994

10.11.1994.
GG

Breytingar á fyrirggjandi frumvörpum um bókhald og um ársreikninga, sem lögð voru fyrir Alþingi á 117. löggjafarþingi 1993-1994 og eru endurflutt á 118 löggjafarþingi 1994-1995.

Breytingarnar eru skáletraðar og undirstrikaðar

A Frumvarp til laga um bókhald.

1. breyting. 1. mgr. 22. gr. er svohljóðandi:

Þeir sem bókhaldsskyldir eru skulu semja ársreikning fyrir hvert reikningsár samkvæmt lögum þessum enda séu ekki gerðar strangari kröfur í öðrum lögum. Ársreikningurinn skal a.m.k. hafa að geyma rekstrarreikning og efnahagsreikning, svo og skýringar eftir því sem við á. Ársreikningurinn skal mynda eina heild.

2. breyting. 3. mgr. 32. gr. er svohljóðandi:

Ef félag kýs löggiltan endurskoðanda í stað skoðunarmanns skulu ákvæði laga um löggilta endurskoðendur eiga við um starf hans.

3. breyting. 33. gr er svohljóðandi:

Skoðunarmenn skulu hvenær sem er hafa aðgang að bókhaldi til að gera þær athuganir og kannanir sem þeir telja nauðsynlegar. Þá skal stjórn sjá til þess að skoðunarmenn fái þau gögn, upplýsingar og aðstoð sem þeir álíta nauðsynlega.

B. Breytingar á greinargerð og skýringum

1. breyting. Upphafsaákvæði greinargerðar hljóða þannig

Frumvarp það sem hér liggur fyrir var lagt fyrir Alþingi á 117 löggjafarþingi 1993-1994 til kynningar en ekki tekið til umræðu. Það er nú endurflutt með óverulegum breytingum. Frumvarpið er samið af nefnd ...o.s.frv.

2. breyting. Lagfærðar eru skýringar við 2. mgr. 20. gr. þannig:

Gevmsla gagna á tölvutæku formi hefur verið að þróast á undanförunum árum og er ekki séð fyrir endann á þeirri þróun. Í dag er um að ræða segulbönd, tölvudiska og það nýjasta sem er gevmsla gagna á geisladiski. Telja verður að orðalagið "eða á annan sambærilegan hátt" nái til þeirra breytinga sem koma í stað þeirra aðferða sem þekktar eru í dag. Áriðandi er að varðveislan verði örugg á geymslutímanum. Í 2. mgr. er að finna nýmæli um geymslu í tölvutæku formi og skilyrði hennar.

C Frumvarp til laga um ársreikninga

1. breyting. 2. og 3. mgr 3. gr. er víxlað þannig að 3. mgr. verður 2. mgr. og 3. mgr. verði 2. mgr. þannig breytt:

Félagsstjórn og framkvæmdastjóri skulu undirrita ársreikninginn og eftir atvikum samstæðureikninginn. Ef stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri telur að ekki skuli samþykkja ársreikninginn eða samstæðureikninginn, eða hann hefur mótbárur fram að færa sem hann telur rétt að félagsaðilar fái vitneskju um, skal hann gera grein fyrir því í áritun sinni.

Ársreikningur með undirritun stjórnenda og áritun endurskoðenda eða skoðunarmanna skal lagður fram í síðasta lagi viku fyrir aðalfund.

2. breyting, leiðrétting. 1. mgr. 16. gr. hljóðar svo:

Heimilt er að færa til gjalda og skuldar fjárhæðir sem ætlað er að mæta útgjöldum vegna skýrt skilgreindra skuldbindinga, sem varða reikningsárið eða fyrri ár, og eru sennilega eða örugglega áfallnar á reikningsskiladegi en óvissar að því er fjárhæð varðar eða hvenær þær falla til greiðslu.

3. breyting, leiðrétting. Leiðrétt er orðið eignarhluti í 3. tl. 3. mgr. 38. gr. í eignarhluta og hljóðar þannig:

3. félagið metur eignarhluta sína samkvæmt hlutdeildaraðferð, sbr. 35. gr.

4. breyting. 52. gr. Bætt er við nýrri málsgrein sem verður 5. mgr. við 52. gr. er hljóðar þannig:

Í samvinnufélögum, sameignarfélögum og samlagsfélögum skal upplýsa um fjölda félagsaðila í upphafi og lok reikningsárs og fjölda eigenda að B-hluta stofnsjóðs ef stofnsjóður samvinnufélaga er þannig tvískiptur. Ef atkvæðagildi félagsaðila er mismunandi skal það skýrt

5. breyting, leiðrétting. Leiðrétt er orðið eignarhluti í 2. mgr. 55. gr. í eignarhluta og hljóðar þannig:

Í samstæðureikningi skal meta eignarhluta samstæðunnar í hlutdeildarfélögum samkvæmt hlutdeildaraðferð nema eignarhlutarnir hafi óverulega þýðingu.

6. breyting, leiðrétting. Leiðrétt er orðið eignarhluti í 3. mgr. 59. gr. í eignarhluta og hljóðar þannig:

Í félögum, þar sem ekki eru lagðar hömlur á viðskipti með eignarhluta, skal kjósa a. m. k. einn endurskoðanda.

7. breyting. 59. gr. Bætt er við nýrri málsgrein sem verði 4. mgr. við 59. gr. er hljóðar þannig:

Samvinnufélög er hafa B-deild stofnsjóðs skulu kjósa a.m.k. einn endurskoðanda.

8. breyting. 63. gr. Bætt er við nýrri málsgrein sem verður 4. mgr. við 63. gr. er hljóðar þannig:

Ef kosinn er endurskoðandi eða endurskoðunarfélag jafnframt skoðunarmönnum skal sú verkaskipting ríkja milli þeirra að endurskoðandinn annast endurskoðun reikninga félagsins í samræmi við 1. mgr., en skoðunarmenn skulu yfirfara rekstur félagsins og ársreikninga, fylgjast með því að innra eftirlit í rekstri félagsins sé í góðu lagi og fylgjast með framkvæmd samþykktu félagsfunda og stjórnar félagsins.

9. breyting, leiðrétting. Leiðrétt er orðið eignarhluti í 2. mgr. 69. gr. í eignarhluta og hljóðar þannig:

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er félögum, sem fara ekki fram úr stærðarmörkunum í 1. mgr. 6. gr., heimilt að senda félagaskrá stytta útgáfu af rekstrarreikningi, efnahagsreikningi og skýringum. Heimild þessi nær þó ekki til félaga sem hafa hlutabréf sín eða skuldabréf skráð á opinberu verðbréfaþingi, og heldur ekki til félaga sem leggja ekki hömlur á viðskipti með eignarhluta sína.

10. breyting.

85. gr. hljóðar þannig:

Við gildistöku laga þessara falla úr gildi 55.- 76. gr. laga nr. 22/1991, um samvinnufélög.

D. Breytingar á greinargerð og skýringum

1. breyting. Upphafsákvæði greinargerðar hljóði þannig

Frumvarp það sem hér liggur fyrir var lagt fyrir Alþingi á 117 löggjafarþingi 1993 - 1994 til kynningar en ekki tekið til umræðu. Það er nú endurflutt með óverulegum breytingum. Frumvarpið er samið af nefnd ...o.s.frv.

2. breyting. Skýringar við 52. gr. hljóða þannig:

Þessi grein fjallar um skýrslu stjórnar félags. Er greinin í samræmi við 46. gr. 4. tilskipunar. Skýrsla stjórnar skal vera hluti ársreiknings þegar þar er að finna upplýsingar, sem skylt er að veita samkvæmt ákvæðum frumvarpsins, sbr. 36. gr.

Sambærileg ákvæði eru í 103. gr. hlutafélagalaga og í 3. mgr. 65. gr. samvinnufélagalaga Vakin er athygli á að í frumvarpi þessu er skýrsla þessi ávallt nefnd skýrsla stjórnar en í lögum um hlutafélög er hún nefnd ársskýrsla. Sú nafngift er talin geta valdið misskilningi þar sem heitið ársskýrsla er oft notað um ársreikninga ásamt fylgigögnum þeirra. Er því lagt til að gera þennan greinarmun á hugtökum.

3. breyting. Skýringar við 1. mgr. 59. gr. hljóða þannig:

Í þessari grein eru sett viðmiðunarmörk um hvenær félagi, sem ekki er með verðbréf sín skráð á verðbréfabingi, ber að kjósa endurskoðanda eða hvort nægir að kjósa skoðunarmann og á ákvæðið sér hliðstæðu í 82. gr. laga um hlutafélög. Skyldan til að kjósa löggiltan endurskoðanda fremur en skoðunarmann er í samræmi við 51. gr. 4. tilskipunar. Viðmiðunarmörk af þessu tagi er einnig að finna í 11. gr. tilskipunarinnar, sbr. einnig 6. gr. frumvarpsins. Þó eru hér lagðar til nokkuð aðrar og lægri viðmiðanir og stafar það einkum af smæð íslenskra fyrirtækja.

Og skýringar við nýja 4. mgr. 59. gr. hljóða þannig:

4. mgr. er í samræmi við 2. mgr. 68. gr. laga um samvinnufélög.

4. breyting. Skýringar við 63. gr. hljóða þannig:

Ákvæði 1.-3. mgr. er efnislega samhljóða 86. gr. laga um hlutafélög, en 4. mgr. er sambærileg við ákvæði 4. mgr. 71. gr. laga um samvinnufélög.

5. breyting. Skýringar við 85. gr. hljóða þannig:

Með frumvarpi þessu eru dregin saman á einn stað öll almenn ákvæði um ársreikninga, en sambærileg ákvæði hefur til þessa aðallega verið að finna í hlutafélagalögum og samvinnufélagalögum, og eru þau í frumvarpi þessu mun ítarlegri. Hér er lagt til að felld verði niður ákvæði í samvinnufélagalögunum um ársreikninga og endurskoðun þeirra. Fyrir liggur að viðskiptaráðherra leggi fram frumvarp til breytinga á lögum um hlutafélög. Gert er ráð fyrir því að í meðförum Alþingis verði því frumvarpi breytt með hliðsjón af ákvæðum þessa frumvarps. Með því er stuðlað að samræmi í ársreikningagerð í landinu.